

Ummæli samstarfsaðila

„Félagar í Klúbbnum Geysi hafa verið áhugasamir um námskeiðasókn í Fjölmennt og má segja að samstarf klúbbsins og Fjölmenntar mótist af þeim klúbbfélögum sem sækja námskeið hverju sinni. Oft hefst samstarfið þegar klúbbfélagi sækir um námskeið og í sumum tilvikum stendur samstarfið yfir á meðan á námskeiðinu stendur. Oftar en ekki snýst samstarfið um markmið nemandans, þ.e. ef hann óskar eftir samræmdum stuðningi við að ná markmiðum sínum á ákveðnum sviðum og undantekningarlaust hefur samstarfið verið ánægjulegt.

Fyrir hönd starfsfólks Fjölmenntar þakka ég ánægjulegt samstarf og væntum við góðs samstarfs í framtíðinni.”

Anna F. Sigurðardóttir
Verkefnisstjóri hjá Fjölmennt

Ummæli félaga

„Þegar ég kem í Geysi, finn ég að sá létti andi sem er þar hjálpar mér að komast á betra skrið inn í daginn. Ég finn þá að ég á auðveldara með að vinna þau verkefni sem ég þarf að gera í náminu. Í klúbbinn kemur fólk sem stefnir að því að ná betri heilsu og eignast betra líf, hver á sinn hátt.

Eygló Rut Óladóttir, félagi í Geysi

„Vegna þægilegrar hvatningar starfsfólks í menntadeild Geysis hefur vellíðan mín og lífsþróttur aukist. Lífsgildi sem ég hafði einsett mér að ná eru á hægri siglingu upp á við.“

Tryggvi Garðarsson félagi í Geysi

Stefnuyfirlýsing Klúbbsins Geysis

Virðing – Víðsýni – Vinátta

Við bjóðum velkomna þá sem eiga eða hafa átt við geðræn veikindi að stríða, til að vinna uppbyggilegt starf á jafningjagrunnvelli með það að markmiði að auka samfélagslega þátttöku og efla lífsgæði. Þetta gerum við með því að:

- vera öruggur samastaður
- hafa fjölbreytt verkefni á vinnumiðuðum degi
- efla sjálfstraust með því að taka tillit til styrkleika, áhuga og getu hvers og eins hverju sinni
- veita stuðning í námi og atvinnuleit
- bjóða tímabundin atvinnutækifæri

Samvinna – Samræður - Samhljómur

Opnunartímar í Geysi:

Mánudaga til fimmtudaga: 08:30 til 16:00

Föstudaga: 08:30 til 15:00

Opið er einn laugardag í mánuði: 11:00 til 15:00

Sjá nánar um opnunartíma á www.kgeysir.is



Skipholti 29, 105 Reykjavík
Sími: 551-5166, fax: 551-5136
Netfang: kgeysir@kgeysir.is
Veffang: www.kgeysir.is
Sjá einnig: iccd.org

Klúbburinn Geysir

Með þér í námi

Virgni skapar vellíðan



Klúbburinn Geysir


Skipholti 29

105 Reykjavík

Atvinnu- og menntadeild

Verkefni menntadeildar

Atvinnu- og menntadeild styður félagi við að ná markmiðum sínum varðandi atvinnu og menntun með því að nýta þau tækifæri sem eru í boði úti í samfélaginu.



Verkefni menntadeildar eru meðal annars:

Almenn upplýsingaöflun um nám og námsleiðir og miðlun upplýsinga fyrir félagi í námi og þá félagi sem hafa áhuga á að fara í nám.

Stuðningur við námsmenn vegna heimaverkefna og öðru sem tengist námi.

Leit að námsleiðum við hæfi hvers og eins. Hentar fjarnám eða staðnám? Hversu mikið nám hentar? Á að sækja um nám við skólastofnun eða henta styttri námskeið?

Tengsl við námsráðgjafa og skólayfirvöld sem og tengsl við önnur sérúrræði í menntun fólks með geðröskun til dæmis Hringsjá og Fjölmennt.

Umsóknir um skólavist, styrki til námskeiðsgjalda og til tækjakaupa.

Skipulagning styttri fyrirlestra og námskeiðahalds innan klúbbsins.

Leiðbeinandi er til staðar í tölvuveri Klúbbsins á föstum tímum. Þar eru líka haldin námskeið í þeim forritum sem tengjast þeirri tölvuvinnu sem unnin er í klúbbum.

Atvinnu- og menntadeild

Brot úr hugmyndafræði

Fountain House

Klúbburinn Geysir starfar eftir hugmyndafræði Fountain House sem byggir á að efla hæfileika og styrk fólks sem glímur við geðraskanir.

Með því að gefa hverjum og einum tækifæri til að nýta sínar sterku hliðar þjálfast viðkomandi til fjölbreyttrar þátttöku í samfélaginu.

Í störfum innan Klúbbsins Geysis er lögð áhersla á stuðning og virðingu fyrir félögum.

Í starfi Klúbbsins Geysis eru engar kvaðir lagðar á félagi umfram það sem hver og einn er tilbúinn að taka að sér.

Lögð er áhersla á jákvæða athygli og horft á styrkleika, í stað þess að einblína á sjúkdóminn.

Uppbygging deildarinnar

Deildin er hluti af skrifstofudeild klúbbsins og heldur sameiginlega deildarfundi með henni. Deildarfundir eru alla virka daga kl. 9:15 og 13:15. Félagar í námi sem nýta sér þjónustu klúbbsins eru hvattir til að mæta á deildarfundi til að tengjast inn í starfsseminu.

Það er mikilvægt að öll verkefni í deildinni, ásamt upplýsingaöflun varðandi nám og námsframboð, sé hluti af vinnumiðuðum degi innan klúbbsins. Menntadeild samanstendur af starfsfólki og félögum sem vinna saman að þýðingarmiklum verkefnum.

Atvinnu- og menntadeild

Stuðningurinn

Stuðningur við félagi í námi í Geysi er miðaður við þarfir hvers og eins. Öll viðleitni félagi til að auka hæfni sína og þekkingu er skilgreind sem nám. Þetta á við hvort sem um styttri námskeið innan klúbbsins er að ræða eða utan hans, auk náms við viðurkenndar menntastofnanir úti í samfélaginu sem getur lokið með prófgráðu og/eða veitir starfsréttindi.

Dæmi um stuðning eru aðstoð við heimanám, leit að námi við hæfi, umsóknir um skólavist og styrkumsóknir og samskipti við menntastofnanir.

Allir félagar í Klúbbum Geysi geta nýtt sér stuðning menntadeildar hvort sem þeir eru í skipulögðu námi eða ekki.

Félögum í námi stendur einnig til boða að nýta sér alla félagslega dagskrá klúbbsins á kvöldin og um helgar.

Námsaðstaða

Félögum í námi stendur til boða aðstaða með nettengdum tölum auk lesrýmis til að sinna námi sínu. Félagar geta nýtt sér aðstöðu menntadeildar hvort sem þeir eru í fjarnámi, staðnámi eða sem þátttakendur á styttri námskeiðum. Námsaðstaðan er opin á opnunartíma klúbbsins alla virka daga frá klukkan 08:30 til 16:00, nema föstudaga til klukkan 15:00.